

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Alþingi
Erindi nr. P 141/175
komudagur 22.10.2012

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**

Sendandi: **Íris Bjargmundsdóttir**

Dagsetning: **22.10.2012**

Málsnúmer: **UMH12080028**

Bréfalykill: **0012**

Efni: **Umfang breytinga á ýmsum framkvæmdum sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.**

Umfang breytinga á ýmsum framkvæmdum sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Í frumvarpi því sem lagt hefur verið fram á Alþingi er gert tillaga um fjölgun þeirra framkvæmda sem verða háð mati á umhverfisáhrifum. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir breytingu á skipulagi og uppsetningu viðauka laganna á þann hátt að í stað þriggja viðauka verða þeir tveir og munu framkvæmdir falla í flokk A, B eða C. Þær framkvæmdir sem í núgildandi lögum hafa fallið undir 1. viðauka laganna og eru matsskyldar munu falla í flokk A. Þær framkvæmdir sem fram að þessu hafa tilheyrt 2. viðauka laganna og hafa verið tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar munu falla í flokk B. Þær framkvæmdir sem fallið hafa utan við lögin en ESA telur á grundvelli dómsniðurstaða Evrópudómstólsins að eigi að falla undir lögin er gerð tillaga um að falli í flokk C. Munu þær framkvæmdir verða tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar á sama hátt og framkvæmdir sem falla í flokk B en gerð er tillaga um aðra málsmeðferð varðandi þær framkvæmdir. Mun Skipulagsstofnun vera heimilt en ekki skylt að leita umsagnar varðandi framkvæmdina. Ennfremur mun sá tími sem Skipulagsstofnun hefur til þess að taka ákvörðun um matsskyldu vera styttri en þegar um er að ræða framkvæmd sem fellur í flokk B.

Eins og fram hefur komið mun samþykkt frumvarpsins leiða til að fleiri framkvæmdir verði tilkynningaskyldar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Þeir framkvæmdaflokkar þar sem búist er við mestri fjölgun framkvæmda er í tengslum við vegagerð, efnistöku og haugsetningu, skógrækt, fiskeldi og niðurgrafningu jarðstrengja og vatnsleiðslna. Hér á eftir fer fram samanburður framangreindra framkvæmda miðað við núgildandi lög og framsetningu þeirra í frumvarpinu

Vegagerð:

Matsskylt skv. 1. viðauka núgildandi laga (1. viðauki, 10. tölul. i og ii - liðir):

Stofnbrautir í þéttbýli.

Nýir vegir utan þéttbýlis 10 km eða lengri og enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem nýlagning samkvæmt áætlunum er a.m.k. 10 km að lengri.

Fellur í flokk A ef frumvarp verður samþykkt (liðir 10.07 og 10.08):

Nýir tveggja akreina vegir með framúrakstursrein og vegir með fjórar akreinar eða fleiri.

Nýir vegir 10 km eða lengri og enduruppbygging vega utan þéttbýlis þar sem samanlögð nýlagning utan eldri vegsvæðis er a.m.k. 10 km eða lengri.

Tilkynningaskyrt skv. 2. viðauka nógildandi laga (2. viðauki, 10. tölul. c - liður):

Tengibrautir í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum sem eru á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

Fellur í flokk B ef frumvarp verður samþykkt (liður 10.09):

Tveggja akreina vegir styttri en 10 km í þéttbýli. Allir nýir vegir utan þéttbýlis á verndarsvæðum og á svæðum á náttúruminjaskrá. Enduruppbygging vega utan þéttbýlis á verndarsvæðum.

Fellur í flokk C ef frumvarp verður samþykkt (liður 10.10):

Allir nýir vegir og endurbygging vega sem ekki falla í flokk A samkvæmt tölul. 10.07 og 10.08 eða flokk B samkvæmt tölul. 10.09.

Efnistaka og haugsetning

Ath. Haugsetning fellur ekki undir nógildandi lög en talið er að haugsetning hafi sambærileg umhverfisáhrif og efnistaka.

Matsskyrt skv. 1. viðauka nógildandi laga (1. viðauki, 21. tölul):

Efnistaka á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað efnistaka raskar 50.000 m² svæði eða stærra eða er 150.000 m³ eða meiri.

Fellur í flokk A ef frumvarp verður samþykkt (liður 2.01):

Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 50.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 150.000 m³ eða meira.

Tilkynningaskyrt skv. 2. viðauka nógildandi laga (2. viðauki, 2. tölul. a - liður):

Efnistaka á verndarsvæðum var féll hér undir þegar lög nr. 106/2000 voru sett. Þegar lögum nr. 106/2000 var breytt með lögum nr. 74/2005 var ákvæðið fellt á brott án skýringa í frumvarpi og er talið að þarna hafi verið um mistök að ræða.

Fellur í flokk B ef frumvarp verður samþykkt (liðir 2.02 og 2.03):

Efnistaka og/eða haugsetning á verndarsvæðum.

Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira. Efnistaka og/eða haugsetning þar sem fleiri en einn efnistökuastaður og/eða haugsetningarstaður vegna sömu framkvæmdar og á sama svæði ná samanlagt yfir 25.000 m².

Fellur í flokk C ef frumvarp verður samþykkt (liður 2.04):

Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska minna en 25.000 m² svæði eða efnismagn er minna en 50.000 m³.

Skógrækt

Tilkynningaskyrt skv. 2. viðauka nógildandi laga (2. viðauki, 1. tölul. d - liður):

Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum og ruðningur á náttúrulegum skógi.

Fellur í flokk B ef frumvarp verður samþykkt (liður 1.06):

Nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun. Varanleg skógareyðing sem breytir fyrri landnotkun.

Fellur í flokk C ef frumvarp verður samþykkt (liður 1.07):

Nýræktun skóga á allt að 200 ha svæði sem breytir fyrri landnotkun.

Fiskeldi

Tilkynningaskyrt skv. 2. viðauka nógildandi laga (2. viðauki, 1. tölul. g - liður):

Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

Fellur í flokk B ef frumvarp verður samþykkt (liður 1.11):

Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða meiri og fráveita í ferskvatn.

Fellur í flokk C ef frumvarp verður samþykkt (liður 1.12):

Þauleldi á fiski þar sem ársframleiðsla er minni en 200 tonn og fráveita til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er minni en 20 tonn og fráveita í ferskvatn.

Niðurgrafning jarðstrengja og vatnsleiðsla

Tilkynningaskýlt skv. 2. viðauka nágildandi laga (2. viðauki, 3. tölul. b - liður og 10. tölul. h - liður) :

Flutningskerfi gass, gufu eða heits vatns; flutningur á raforku með jarðstrengjum utan þéttbýlis sem eru 10 km eða lengri og eru grafnir niður eða lagðir í stökk; flutningur á raforku með loflínunum á verndarsvæðum; og sæstrengir.

Vatnsleiðslur utan þéttbýlis 10 km eða lengri og grafnar niður.

Fellur í flokk B ef frumvarp verður samþykkt (liður 10.21):

Lagning áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loflínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum.